

Alþingi  
Erindi nr. þ 131/1009  
komudagur 8. 3. 2005



NEYTENDASAMTÓKIN

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

SÍDUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. mars 2005

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á sölu símans, 44.  
mál.**

Neytendasamtókin lýsa yfir stuðningi við tillöguna og hvetja til þess að hún verði samþykkt. Neytendasamtókin vísa til ályktunar sem samtókin sendu frá sér um þetta mál 31. janúar sl.:

“Grunnnetið verði aðskilið frá Landsímanum

Neytendasamtókin taka undir kröfu nokkurra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði um að nauðsynlegt sé að aðskilja grunnnet Landsímans frá fyrirtækinu og að það verði ekki selt með Landsímanum eins og virðist ætlan stjórnavalda. Neytendasamtókin minna á að allir aðilar á þessum markaði þurfa að hafa aðgang að grunnnetinu til að geta boðið þjónustu sína. Ef tryggja á virka og eðlilega samkeppni á markaði til framtíðar er að mati Neytendasamtakanna nauðsynlegt að grunnnetið verði áfram í eigu hins opinbera og sem leigi símaþyrtækjum aðgang að því, með því verði bæði tryggt eðlilegt aðgengi samkeppnisaðila um leið og tryggt er auðveldari aðgengi nýrra aðila í sölu símaþjónustu. Með slíku verður jafnframt komið í veg fyrir samkeppnishindranir sem einkafyrirtæki sem ræður grunnnetinu getur komið upp. Um leið tryggir þetta til þess að hagmunum aðila í hinum dreifðu byggðum landsins verði betur tryggður eðlilegur aðganganur að fjarskiptaþjónustu. Það er því að mati Neytendasamtakanna mikilvægt að tryggja sem virkasta samkeppni á þessum markaði og það verður best gert með því að aðskilja grunnnetið áður en Landsíminn verður seldur til einkaaðila.“

Virðingarfyllst,  
f.h., Neytendasamtakanna

Jóhannes Gunnarsson  
Jóhannes Gunnarsson formaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. þ 131/1041*  
*komudagur 11. 3. 2005*



Efnahags- og viðskiptaneftnd  
b.t. Stefáns Arna Auðólfssonar, nefndarritara  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2005.

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á sölu Símans – þskj. 44.**

Vísað er til bréfs yðar dags. 16. febrúar sl. Vinsamlegast móttakið hjálagt umsögn Og fjarskipta hf. um framangreinda tillögu.

Virðingarfyllst,

*Dóra Sif Tynes, hdl.*  
f.h. Og fjarskipta hf.  
Dóra Sif Tynes, hdl.  
Forstöðumaður lögfræði- og stjórnsýslusviðs

## Umsögn Og fjarskipta hf. um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á sölu Símans

### *I. Inngangur*

Óskað hefur verið umsagnar Og fjarskipta hf. (Og Vodafone) um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á sölu Símans. Í tillöggunni segir nánar tiltekið að fela skuli ríkisstjórninni að endurskoða fyrirætlanir um sölu Símans með það að markmiði að tryggja eðlilega samkeppni á fjarskiptamarkaði og uppbyggingu á fjarskiptaneti landsins. Í því skyni verði grunnnet Símans skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald þess verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu.

Og Vodafone hefur undanfarið staðið fyrir auglýsingum um mikilvægi þess að grunnnet Símans verði aðskilið frá öðrum rekstri fyrirtækisins við sölu þess. Og Vodafone hefur þannig reynt að hrinda af stað umræðu um það lykilhlutverk sem eigandi grunnnetsins gegnir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Ljóst er því að framangreind þingsályktunartillaga fellur að hugmyndum fyrirtækisins um hvernig megi best tryggja samkeppni á fjarskiptamarkaði.

### *II. Staða Grunnnetsins*

Í dag háttar svo til á íslenskum fjarskiptamarkaði að aðeins einn aðili ræður yfir heildstæðu grunnneti er nær til landsins alls. Ljóst er því að eigandi grunnnetsins gegnir lykilhlutverki á fjarskiptamarkaðinum enda grundvallast nær öll virðisaukandi þjónusta á grunnnetinu. Að auki hafa raforkufyrirtæki líkt og Orkuveita Reykjavíkur í einhverjum mæli hafið ljósleiðaralagningu sem að einhverju leyti mun geta keppt við grunnnet Símans. Ólíklegt verður hins vegar að telja að slík ljósleiðaranet nái sömu útbreiðslu og grunnnet Símans, þ.e. tengingu heim í hús til meginþorra landsmanna. Aðgangur að grunnnetinu verður því eftir sem áður forsenda þess að fjarskiptafyrirtæki verði samkeppnishæf á markaði þar sem framboð á virðisaukandi þjónustu er sífellt að breytast. Til að mynda byggir dreifing á stafraenu sjónvarpsmerki með ADSL tækni á aðgangi að heimtaugum eða síðasta spölinum heim í hús landsmanna.

### *III. Reynsla nágrannaríkja*

Í umræðu um mögulegan aðskilnað grunnnetsins frá annarri starfsemi Símans við sölu á fyrirtækinu hefur oft verið bent á að önnur Evrópuríki hafi ekki farið þessa leið við einkavæðingu. Telja menn þess vegna ekki ástæðu til að fara þessa leið hér á landi. Hins vegar hefur vantað umræðu um hver reynsla annarra Evrópuríkja hefur verið af einkavæðingu ríkissímaþyrtækja í einu lagi og hvaða áhrif hún hefur haft á samkeppni á markaði.

Í fyrsta lagi er rétt að líta til þess að einkavæðing fjarskiptafyrirtækja í ríkiseigu fór nokkuð fyrr af stað í Evrópu en hér á landi. Bretar riðu fyrst á vaðið með einkavæðingu BT á níunda áratugnum. Flest önnur Evrópuríki hófu einkavæðingaferli í kringum aldamótin síðustu. Á þeim tíma voru hugmyndir manna um þróun fjarskiptamála heldur aðrar en nú. Gengið var út frá því að samkeppni milli neta væri æskilegust og var því ekki talin ástæða til að skilja að þjónustu og net gömlu ríkisfyrirtækjanna. Töldu menn að kapalkerfi sem hafa tölverða útbreiðslu víðast hvar í Evrópu myndu fljótlega geta veitt grunnnetum fjarskiptafyrirtækjanna samkeppni en einnig voru miklar vonir bundnar við þráðlausar lausnir s.s. þriðju kynslóð farsíma. Röskum fimm árum síðar er hins vegar ljóst að þróunin hefur orðið heldur önnur. Þriðja kynslóð farsíma hefur ekki náð verulegri fótfestu. Ríkari áhersla er lögð á ADSL lausnir en gert var ráð fyrir, þannig að “gömlu” grunnnetin hafa í raun aukið vægi.

Í öðru lagi ber að hafa í huga að aðstæður hér á landi eru að mörgu leyti einstakar. Hér er einungis eitt heildstætt grunnnet er nær til þorra landsmanna og er það enn í eigu ríkisins. Aðstæður hér eru því frábrugðnar því sem annars staðar þekkist, t.d. má vísa til þess að í Noregi þar sem landfræðilegum aðstæðum svipar að nokkru til Íslands eru kapalkerfi er ná til 65% landsmanna. Þrátt fyrir að orkufyrirtæki hafi í einhverjum mæli ráðist í lagningu ljósleiðara í þéttbýli er þannig ekkert net sem telja má samkeppnisfært við grunnnetið.

Í þriðja lagi er vert að skoða hvaða reynslu menn hafa af einkavæðingu fjarskiptafyrirtækja í Evrópu. Í nýlegri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um evrópska fjarskiptamarkaðinn<sup>1</sup> kemur fram að enn séu fjarskiptafyrirtæki er áður voru í ríkiseigu í sterki stöðu á fjarskiptamarkaðinum í krafti eignarhalds á grunnnetum. Breska fjarskiptaeftrilityð Ofcom stendur að gagngerri endurskoðun á reglum er varða breska fjarskiptamarkaðinn. Ofcom telur sterka stöðu BT er leiðir af eignarhaldi á grunnneti vera eina af stærstu samkeppnishindrunum á breska fjarskiptamarkaðinum. Í nýlegri skýrslu fjallar Ofcom um úrræði til þess að mæta þessum vandkvæðum. Þar veltir stofnunin upp þeim möguleika að óska eftir því við samkeppnisyfirvöld að hefja rannsókn á stöðu BT á markaði með það fyrir augum að mæla fyrir um aðskilnað grunnnetsins.<sup>2</sup> Þá hafa keppinautar BT lagt ríka áherslu á skipulagsbreytingar innan fyrirtækisins þar sem rekstri grunnnetsins sé komið fyrir í sjálfstæðu fyrirtæki eða sjálfstæðri einingu hið minnsta, til að tryggja jafnt aðgengi að netinu.

Íslenska ríkið er í raun í einstakri stöðu til þess að tryggja jafnan aðgang að grunnnetinu. Eins og að framan greinir var ráðist í einkavæðingu evrópskra fjarskiptafyrirtækja í eigu ríkisins fyrir röskum fimm árum þegar væntingar manna til þróunar fjarskiptamarkaðar voru aðrar en nú. Eiga menn því ekki lengur þess kost að aðskilja grunnet frá þjónustustarfsemi í krafti eignarhalds heldur þurfa að reiða sig á nýtilkomnar heimildir

<sup>1</sup> 10. skýrsla Framkvæmdastjórnarinnar um innleiðingu aðildarríkjanna á afleiddri löggjöf á sviði fjarskipta COM (2004) 759. Skýrsluna má nálgast á [http://europa.eu.int/information\\_society/topics/ecommerce/doc/all\\_about/implementation\\_enforcement/annualreports/10threport/com20040759en.pdf](http://europa.eu.int/information_society/topics/ecommerce/doc/all_about/implementation_enforcement/annualreports/10threport/com20040759en.pdf).

<sup>2</sup> Sjá nánar [http://www.ofcom.org.uk/consult/condocs/telecoms\\_p2/tsrphase2/?a=87101](http://www.ofcom.org.uk/consult/condocs/telecoms_p2/tsrphase2/?a=87101).

samkeppnislaga til þessa. Stjórnvöldum hér á landi er hins vegar í lófa lagi að koma á nauðsynlegum aðskilnaði milli þjónustu og nets í krafti núverandi eignarhlutar ríkisins.

#### *IV. Uppbygging fjarskiptaneta – tækniframfarir*

Ein af meginröksemendum stjórnvalda fyrir því að aðskilja ekki Grunnnetið og þjónustustarfsemi Landssímans við sölu á fyrirtækinu hefur verið sú að aðskilnaður þessa þáttu hamli tækniframförum í fjarskiptum. Er þar vísað til þess að enginn hvati sé fyrir eiganda nets að stuðla að uppbyggingu og framþróun netsins nema hann veiti jafnframt á því þjónustu. Að sama skapi mætti hins vegar spyrja hvaða hvati sé fyrir eiganda nets sem lögum samkvæmt ber að selja keppinautum sínum aðgang að netinu að eyða fjármunum í uppbyggingu á netinu keppinautum sínum til góða. Og Vodafone telur frekari rök hníga til þess að eigandi nets sem hefur einungis tekjur af því að selja aðgang að netinu sjái sér hag i því að stuðla að uppbyggingu þess nets til þess að auka eftirspurn eftir aðgangi.

Eins og að framan greinir stendur breska fjarskiptaeftlitið nú að gagngerri endurskoðun á breskri fjarskiptalöggjöf. Meðal annars hafa keppinautar BT bent á að nauðsynlegt sé að koma netrekstri fyrirtækisins fyrir í sérstöku fyrirtæki til að tryggja uppbyggingu og tækniframfarir. Hafa menn þannig bent á að staða BT feli í sér óþolandí hagsmunárekstra þar sem að fyrirtækið hafi bæði skyldum að gegna gagnvart hluthöfum sínum og keppinautum. Öll viðleitni BT til að byggja upp og bæta grunnnet sitt komi þannig keppinautum til góða sem fái þannig tækifæri til að auka markaðshlutdeild sína á kostnað BT og þar með hluthafanna. Og Vodafone telur stöðu Símans á íslenskum fjarskiptamarkaði fyllilega sambærilega stöðu BT á þeim breska og því einsýnt að sömu sjónarmið eigi hér við.

*Alþingi*  
Erindi nr. P 131/842  
komudagur 24.2.2005



Nefndasvið Alþingis  
Stefan Árni Auðólfsson  
Austurstraeti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. febrúar 2005  
Tilvísun: 2005020037/90.14.1  
GG/BH  
16.02.05

**Efni: Þingsályktunartillaga um endurskoðun á sölu Símans.**

Með bréfi dags. 16.02.2005 er óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á sölu Símans, 44. mál.

Í nefndri tillögu er lagt til, að fyrirætlanir um sölu Símans verði endurskoðaðar og að grunnnet Símans verði skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald þess verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptapjónustu.

Að athuguðu máli sér Vegagerðin ekki ástæðu til að taka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu eða að gera við hana athugasemdir.

Virðingarfyllst,

*Jón Rögnvaldsson*  
Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri.

*Alþingi*  
Erindi nr. þ 131/1066  
komudagur 10. 3. 2005



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 9. mars 2005

**Efni: Till. til þingsál. um endurskoðun á sölu Símans (44. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Í október árið 2000 gaf Verslunarráð út skýrslu um einkavæðingu á fjármála- og fjarskiptamarkaði. Á bls. 6 í skýrslunni er sagt frá hugmyndum um að skilja ljósleiðarakerfi Landssímans, hið svokallaða grunnnet, frá öðrum hlutum hans sem settir yrðu á markað. "Verslunarráð geldur varhug við slíkri gervieinkavæðingu fjarskiptafyrirtækisins. Ríkisfyrirtæki utan um ljósleiðarakerfið myndi fyrr en síður lenda í samkeppni við einkafyrirtæki um rekstru slíks grunnkerfis. Hafa verður í huga að ljósleiðarar hafa verið lagðir af fleiri aðilum en Landssímanum og ekki er ástæða til annars en að gera ráð fyrir að þeim aðilum hognist áfram að leggja ljósleiðara. Annar mögulegur samkeppnisflötur sem nauðsynlegt er að hafa í huga er hin öra þróun á þessu sviði. Gagnaflutningar eiga fráleitt allt sitt undir ljósleiðarakerfi. Má þar sem dæmi taka gervihnattasamband sem nú þegar er til staðar en er líka í stöðugri þróun og sérstaklega með tilliti til gagnaflutninga. Frumkvöðlar á þessu sviði verða að geta komið inn á markað með sína þjónustu án þess að eiga á hættu að þurfa að sæta samkeppni frá ríkisfyrirtæki. Hætta er á að þá muni ný tækni síður ryðja sér til rúms og neytendur því verða af nýrri og hugsanlega betri þjónustu. Slíkt kemur auðvitað niður á öllum neytendum en sérstaklega kæmi það þó niður á þróun þjónustu við landsbyggðina og óbyggðir. Svo má velta því fyrir sér hvaða framtíð fyrirtæki sem eingöngu væri á grunnnetsmarkaði ætti fyrir sér. Ekki er ólíklegt að slíkur rekstur myndi fyrr en síðar kalla á að farið yrði út í viðtækari rekstur á fjarskiptasviði."

Verslunarráð leggst því gegn þingsályktunartillögu þessari og hvetur til þess að farið verði út í einkavæðingu á öllum sviðum Símans.

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsíml: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigþrúður Átmann

Sigþrúður Átmann

Meðfylgjandi: Einkavæðing á fjármála- og fjarskiptamarkaði, október  
2000. Útgefandi Verslunarráð Íslands.

*Póstáritun:*

Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100

Bréfsími: 568 6564

Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is



**Einkavæðing**  
á fjármála- og  
fjarskiptamarkaði  
október 2000

*Vinnuhópur Verslunarráðs Íslands um einkavæðingu*

<b>Vinnuhópur Verslunarráðs Íslands um</b>	
<b>einkavæðingu</b>	<b>1</b>
<b>Formáli</b>	<b>3</b>
<b>Fjarskiptamarkaðurinn</b>	<b>4</b>
Inngangur.....	4
Af hverju á að einkavæða? .....	4
Hvenær? .....	5
Hvernig? .....	6
-sjónarmið sem þarf að sætta.....	6
-einkavæðing í einu skrefi .....	8
-hlutur neytenda.....	8
Opinberir aðilar í fjarskiptaþjónustu .....	9
Ekki hægt að tefja málið.....	9
<b>Fjármálamarkaðurinn</b>	<b>10</b>
Inngangur.....	10
Af hverju að einkavæða? .....	10
Hvernig? .....	11
Hvenær? .....	11

## Formáli

Einkavæðing í atvinnulífinu hefur alltaf verið eitt þeirra baráttumála sem Verslunarráð Ísland hefur sett á oddinn enda hefur það verið forsenda öflugs atvinnulífs að einstaklingsframtakið fái að njóta sín og ríkið raski ekki samkeppnisstöðunni með afskiptum sínum. Með tímanum hefur saxast á ríkisreksturinn en þó hefur það aldrei farið svo að Verslunarráð hafi séð ástæðu til að hvíla umræðu um einkavæðingu.

Í dag eru það bankarnir og fjarskiptafyrirtæki sem fyrirferðarmest eru í umræðu um einkavæðingu. Lengi hefur verið beðið eftir sölu á þessum ríkisfyrirtækjum enda margir einkaaðilar tilbúinir til að sjá um reksturinn. Í júní síðastliðnum myndaði Verslunarráð hóp sem ætlað var að fjalla um einkavæðingu á þessum sviðum. Hittist hópurinn nokkrum sinnum yfir sumarið til að ræða þessi mál og fékk á sinn fund ýmsa gesti. Skýrsla þessi er unnin upp úr umfjöllun á þessum fundum.

Það er von hópsins að ríkisrekstur í bankamálum og á fjarskiptasviði heyri brátt sögunni til.

### Hópinn skipuðu:

Sigríður Ásthildur Andersen	Verslunarráði Íslands, sem jafnframt hafði umsjón með starfi hópsins.
Ingólfur Sveinsson	Útflutningsráði
Margeir Pétursson	MP-verðbréfum hf.
Sigurður Atli Jónsson	Landsbréfum hf.
Stefán H. Stefánsson	Landsbanka Íslands hf.
Tómas Hansson	Íslandsbanka-FBA hf.
Þórður Pálsson	Kaupþingi hf.

### Aðrir sem mættu á fundi:

Gunnlaugur Sigmundsson	Kögun hf.
Hreinn Loftsson	Formaður Einkavæðingarnefndar
Þórarinn V. Þóarinsson	Landssímanum hf.

Auk ofantaldra fylgdust ýmsir með störfum hópsins og komu á framfæri gagnlegum athugasemduum.

# Fjarskiptamarkaðurinn

## Inngangur

Frá því einkaréttur Pósts og síma var afnuminn að hluta árið 1997 og að fullu árið 1998 hefur fjarskiptaþjónusta á Íslandi tekið gagngerum breytingum. Ný fyrirtæki á fjarskiptamarkaði hafa sprottið upp og veitt ríkisfyrirtækinu Landssímanum hf. verðuga samkeppni. Þannig hefur Tal hf. náð um 26% markaðshlutdeild á farsímamarkaði og Íslandssími hf. fyrirhugar að hefja einnig starfsemi á þeim markaði. Á sama tíma hefur Landssíminn fært út kvíarnar og hefur nú hafið starfsemi í ýmsum greinum sem áður fyrr hefðu talist til hliðar við hefðbundna fjarskiptaþjónustu.

Fleiri opinberir aðilar en ríkið með rekstri Landssímans eru í dag veitendur þjónustu á fjarskiptamarkaði. Þannig hefur Reykjavíkurborg notað eitt fyrirtækja sinna, Orkuveitu Reykjavíkur, til uppbyggingar á fjarskiptafyrirtækinu Línu.neti sem að hluta er í eigu Orkuveitunnar. Landsvirkjun er svo dæmi um ríkisfyrirtæki sem hefur lagt í töluverða uppbyggingu á fjarskiptakerfum, svo sem með lagningu ljósleiðara, sem er þó enn sem komið er eingöngu nýtt af Landsvirkjun sjálfrí.

Uppbygging fjarskiptakerfa hefur því verið gríðarleg á örskömmum tíma. Ný tækni ryður sér til rúms nánast áður en önnur eldri nær fótfestu. Fjarskiptamarkaðurinn er því afar lifandi markaður og margir tilbúnir til að bjóða fram þjónustu sína á honum.

## Af hverju á að einkavæða?

Landssíminn hefur nú aðlagast nýjum markaðsaðstæðum og veitir hinum ungu fyrirtækjum fulla samkeppni um hvers kyns þjónustu sem þau kunna að bjóða.

Verslunarráð Íslands fagnaði á sínum tíma þeim skrefum sem tekin voru með breytingu á félagsformi Pósts- og símamálastofnunar er henni var skipt upp og breytt í hlutafélögum Landssíminn hf. og Íslandspóstur hf. Verslunarráð lagði þó einnig áherslu á að slíkt skref yrði ekki það framfaraspór sem til væri ætlast nema í kjölfarið færí fram breyting á eignarhaldi fyrirtækjanna. Stjórnvöldum hefur gengið illa að hrinda í framkvæmd fyrirætlunum sínum um að losa um tökin á þessum fyrirtækjum.

Svo sem sjá má af þeim vexti sem er á fjarskiptamarkaðinum er atvinnulífið löngu reiðbúið til að taka að sér rekstur Landssímans og dótturfyrirtækja hans. Það er því brýnt að stjórnvöld taki eignarhald þessa ríkisfyrirtækis til endurskoðunar með það að leiðarljósi að koma öllum hlut ríkisins í hendur einkaaðila.

Að ríkisfyrirtækjum hljóta að beinast ýmiss konar pólitískar kröfur sem ekki endilega þurfa að fara saman við markmið fyrirtækisins sem slíks. Þegar slíkum kröfum er svarað skekkist samkeppnisstaða fyrirtækisins og fjármagn þess færst ekki þangað þar sem það ætti betur heima. Þannig getur ríkisfyrirtæki orðið að hagstjórnartæki stjórvalda en sú atvinnugrein sem það starfar í getur beðið af því hnekki.

Ýmis markmið  
með ríkisrekstri

## Hvenær?

Í ljósi þessa er varla hægt að tala um óheppilega tímasetningu til sölu hlutar ríkisins í Landssímanum frekar en í öðrum ríkisfyrirtækjum. Ávallt er þörf á skynsamlegri fjárfestingarstefnu og meiri líkur eru til þess að hún sé til staðar hjá einkaaðilum en ríkisfyrirtækjum.

Í fjarskiptum og upplýsingatækní á sér stað ör þróun og mun örari en fyrirtæki hafa áður þurft að glíma við. Ný tækní og nýjar leiðir til að auðvelda og bæta þjónustu við neytendur eru stöðugt að koma fram á sjónarsviðið. Til að mæta kröfum neytenda og halda velli verða fyrirtæki að geta brugðist fljótt við en einnig þurfa þau að geta metið fjárhagslegan ávinning af aukinni þjónustu. Í samkeppni við ríkisfyrirtæki er hætta á að önnur fyrirtæki fái ekki tækifæri til að átta sig á þörfum markaðarins og raunverulegri eftirsprurn.

Afar ör þróun á  
fjarskiptamarkaði

Jafnvel þó að arðsemíssjónarmið séu frekar höfð að leiðarljósi hjá hlutafélögum í eigu ríkisins en hjá ríkisstofnunum er það svo að hlutafélagformaði eitt og sér er ekki úrslitaatriði. Hlutafélag í algerri eigu ríkisins er eðli málsins samkvæmt í allt annarri stöðu en hlutafélag í eigu einstaklinga. Það lýtur aldrei þeim aga sem fyrirtæki almennt þurfa að búa við. Til að mynda er alltaf ákveðin hætta á að arðbær rekstur innan ríkisfyrirtækis sé látinn bera kostnað af óarðbærum samkeppnisrekstri sem kann að vera haldið úti af einhverjum ástæðum. Slíkt er auðvitað afar óheppilegt fyrir samkeppnisaðila og í raun illmögulegt að keppa við slíkar aðstæður.

Ekki nóg að  
hlutafélagavæða

Það er því orðið afar brýnt að rekstur Landssímans verði losaður frá ríkisrekstrinum og fyrirtækinu komið í hendur markaðarins. Auðvitað má halda því fram að fyrirtækið sé nú þegar með mikið forskot á samkeppnisaðila, núverandi og þá sem eftir eiga að koma. Það er svo sem eðlilegt þar sem það var eitt á markaðinum svo lengi. Hins vegar stoðar lítið að sjá eftir orðnum hlut og velta sér upp úr fortíðinni en leggja þarf því meiri áherslu á að þetta ástand vindi ekki upp á sig með tímanum. Eftir því sem lengur er beðið með sölu á hlutum ríkisins í Landssímanum þeim mun erfiðara verður að leysa úr þeim vandamálum sem sérstaða ríkisfyrirtækja skapar.

Vandamálin  
hlaðast upp

Þegar til sölu ríkisfyrirtækja kemur telja sumir að söluverðið skipti öllu máli og vænlegt sé að bíða eftir að markaðurinn verði í réttu formi fyrir söluna. Það er hins vegar mikill misskilningur að halda að hægt sé að

spá fyrir og bíða eftir réttum tíma á markaðinum. Ómögulegt er að spá fyrir um verð fjarskiptafyrirtækja, jafnvel í náinni framtíð.

Mikilvægt er því að sala á hlutum ríkisins í Landssímanum dragist ekki lengur og hefjist án nokurra tafa. Hafa þarf í huga að ákveðinn tími fer í undirbúning á útboði og nauðsynlegt að þeim fjármálfyrirtækjum sem falið verður að vinna að því sé veittur eðlilegur tími til þessa. Verslunarráð hvetur því ríkisstjórnina til að leggja fram viðeigandi lagafrumvarp fram á Alþingi nú þegar á fyrstu starfsdögum nýhafins þings. Jafnmikilvægt er að frumvarpið verði afgreitt hratt og vel sem lög frá þinginu.

## Hvernig?

### -sjónarmið sem þarf að sætta

Nokkuð hefur borið á úrtöllum í tengslum við umræðu um sölu á Landssímanum. Lýtur slíkur áróður aðallega að framtíðarþjónustu fjarskiptafyrirtækja við dreifbýlið. Þannig hafa sumir haldið því fram að gæði fjarskiptabjónustu muni minnka við sölu Landssímans sem og að verði þjónustunnar verði neytendum fjötur um fót.

Slíkur málflutningur bendir til þess að um einhverja niðurgreiðslu á verði þjónustu Landssímans hafi verið að ræða. Í skjóli slíkrar niðurgreiðslu má segja að auðvelt geti verið fyrir hvaða fyrirtæki sem er að byggja upp kostnaðarsamt fjarskiptakerfi. Í þannig aðstöðu komast ný fyrirtæki á fjarskiptamarkaði ekki og eiga því erfiðara um vik að hasla sér völl á dýrari markaðssvæðum, jafnvel þó viljinn sé fyrir hendi. Það getur því ekki verið eðlilegt að taka tillit til þessara sjónarmiða og draga sölu á Landssímanum vegna þessa. Í þessari umræðu má ekki gleyma því að hin nýju lög um fjarskipti tryggja þjónustu við landsbyggðina. Ekki má heldur gleyma krafti markaðsaflanna sem felst í því að anna eftirspurn. Í þeim efnum er ekki óraunhæft að ætla að veitendur fjarskiptabjónustu muni þurfa að geta veitt þjónustu um allt land, að minnsta kosti ef ætlunin er að veita stærstu neytendum þjónustu. Þannig má ætla að stórir neytendur eins og bankar, olíufélög og tryggingafélög, svo einhver dæmi séu tekin, muni hér eftir sem hingað til leggja á það áherslu að fá aðgang að fjarskiptabjónustu um allt land þar sem byggð er. Þannig er ekki fráleitt að ætla að landið verði allt að einum markaði fyrir tilstilli markaðarins sjálfs. Hafa verður einnig í huga að nú þegar liggur fyrir öflugt fjarskiptanet á landsbyggðinni sem áfram verður nýtt öllum til hagsbóta.

Landið allt er einn markaður

Í tengslum við áðurnefndar úrtölur hafa svo verið uppi hugmyndir um að skilja að ljósleiðarakerfi Landssímans, hið svokallaða grunnnet, frá öðrum hlutum hans sem yrðu settir á markað. Grunnetið sjálft yrði hins vegar áfram í höndum ríkisins. Verslunarráð geldur varhug við

slíkri gervieinkavæðingu fjarskiptafyrirtækisins. Ríkisfyrirtæki utan um ljósleiðarakerfið myndi fyrr en síðar lenda í samkeppni við einkafyrirtæki um rekstur slíks grunnkerfis. Hafa verður í huga að ljósleiðarar hafa verið lagðir af fleiri aðilum en Landssímanum og ekki er ástæða til annars en að gera ráð fyrir því að þeim aðilum hugnist áfram að leggja ljósleiðara. Annar mögulegur samkeppnisflötur sem nauðsynlegt er að hafa í huga er hin öra þróun á þessu sviði. Gagnaflutningar eiga fráleitt allt sitt undir ljósleiðarakerfi. Stöðugt fleiri möguleikar til gagnaflutninga koma fram á sjónarsviðið. Má þar sem dæmi taka gervihnattasamband sem nú þegar er til staðar en er líka í stöðugri þróun og sérstaklega með tilliti til gagnaflutninga. Frumkvöðlar á þessu sviði verða að geta komið inn á markað með sína þjónustu án þess að eiga á hættu að þurfa að sæta samkeppni frá ríkisfyrirtæki. Hætta er á að þá muni ný tækni síður ryðja sér til rúms og neytendur því verða af nýrri og hugsanlega betri þjónustu. Slíkt kemur auðvitað niður á öllum neytendum en sérstaklega kæmi það þó niður á þróun þjónustu við landsbyggðina og óbyggðir.

Svo má velta því fyrir sér hvaða framtíð fyrirtæki sem eingöngu væri á grunnnetsmarkaði ætti fyrir sér. Ekki er ólíklegt að slíkur rekstur myndi fyrr en síðar kalla á að farið yrði út í víðtækari rekstur á fjarskiptasviði.

Verslunarráð hvetur því eindregið til þess að farið sé út í einkavæðingu á öllum sviðum Landssímans.

Rekstur  
ljósleiðarakerfis er  
samkeppnisrekstur

Nauðsynlegt að  
Landssíminn allur  
verði einkavæddur

Áhyggjur manna hafa einnig beinst að ójafni stöðu Landssímans annars vegar og nýrra fjarskiptafyrirtækja hins vegar hvað varðar aðgang að grunnnetinu. Í kringum Landssímann hefur verið byggt upp fullkomið fjarskiptanet ljósleiðara. Hefur verið bent á að óhagkvæmt geti orðið fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki að ráðast í uppbyggingu á öðru alveg eins kerfi. Ný fjarskiptalög tryggja hins vegar aðgang annarra að þessu neti Landssímans. Í því sambandi mun Póst- og fjarskiptastofnun hafa mikilvægu hlutverki að gegna, bæði hvað varðar aðgang að kerfum og verðlagningu fyrir slíkan aðgang. Nauðsynlegt er að henni verði gert kleift að sinna þessu hlutverki og að hún sé í stakk búin til þess. Mikilvægt er að sjálfstæði stofnunarinnar sé áfram tryggt.

Verðlagning fjarskiptapjónustu við landsbyggðina er skiljanlega mikilvæg þeim sem ákvörðun taka um einkavæðingu Landssímans. Verslunarráð Íslands getur vel tekið undir þau rök að mikilvægt sé að landsbyggðin njóti sömu kjara og höfuðborgarsvæðið í þessum efnunum. Það er til framdráttar öllu atvinnulífi ef höfuðborgarsvæðið fengi verðuga samkeppni um þá atvinnustarfsemi sem krefst öflugrar fjarskiptapjónustu. Til þess að svo megi verða er æskilegt að verð á nauðsynlegri fjarskiptapjónustu utan höfuðborgarsvæðisins sé sem næst því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarráð er hín vegar ekki sannfært um að slíkt náist aðiens með ríkisrekinni fjarskiptapjónustu eða ríkisreknu fjarskiptaneti. Hvað framtíðin ber í skauti sér í verðlagsmálum á fjarskiptasviði er algjörlega óháð allri

umræðu um einkavæðingu á sviðinu. Hitt er svo annað mál og vert að hafa í huga að með einkavæðingu hefur tilhneigingin yfirleitt verið í átt að miklum verðlækkunum.

Verslunarráð hvetur því stjórnvöld einnig af þessum sökum til að þess að einkavæða Landssímann með því fjarskiptaneti sem fyrirtækinu fygir.

### **-einkavæðing í einu skrefi**

Einkavæðing þarf ekki að taka langan tíma eins og dæmin sanna. Sala á hlutum ríkisins í Fjárfestingabanka atvinnulífsins er ágætt dæmi um einkavæðingu sem ekki dróst úr hófi fram. Það sama er hins vegar ekki hægt að segja um ýmis önnur einkavæðingaráform stjórnvalda. Einkavæðing á að gerast í einu skrefi, í eitt skipti fyrir öll. Annað er ekki í samræmi við væntingar fjárfesta sem alveg örugglega eru ekki að leggja fé sitt að veði til þess eins að fjármagna rekstur ríkisfyrirtækis. Með hliðsjón af því sem áður segir um eðli fjarskiptamarkaðarins er sérstaklega brýnt að einkavæðing á því sviði gangi hratt og örugglega fyrir sig. Það yrði algerlega óásættanlegt að selja einungis hluta af eignarhlut ríkisins í Landssímanum.

Innkoma erlendra aðila í íslenkst atvinnulíf er mikilvæg að mörgu leyti. Ekki bara með tilliti til þess erlenda fjármagns sem fæst heldur einnig með tilliti til þeirrar þekkingar sem þannig færst inn í landið. Mikilvægt er að sala á hlutum í Landssímanum verði auglýst erlendis og sölugögn útbún fyrir erlenda fjárfesta. Ýta þarf undir áhuga erlendra aðila með því að tryggja að nokkuð stór hluti verði seldur í einu lagi.

Innkoma erlendra  
aðila er æskileg

### **-hlutur neytenda**

Með einkavæðingu er verið að bæta hag neytenda. Einkaframtakið á markaðinum örvar vöxt þekkingar. Aukin þekking kemur neytendum alltaf að lokum til góða. Einkaframtakið er og eina leiðin til þess að finna út heppilegustu framleiðslu- og þjónustueininguna. Það er neytendum mikilvægt að framleiðsla og þjónusta sé í samræmi við eftirspurn, hvorki minni né meiri. Ríkisvaldið hefur ekki þá sýn yfir markaðinn sem þarf til að geta metið kröfur hans.

Við framkvæmd einkavæðingar Landssímans verður að hafa í huga markmiðið með sölunni en það er að gera Ísland að samkeppnishæfara þjóðfélagi. Slíkt næst ekki nema með sölu á 100% hlut hið fyrsta.

## Opinberir aðilar í fjarskiptaþjónustu

Þó að Landssíminn hf. hafi verið það fyrirtæki sem einna helst hefur verið hugað að í umræðu um einkavæðingu á fjarskiptamarkaði er mikilvægt að ekki gleymist að hið opinbera hefur verið stórtækt á fleiri sviðum. Íslandspóstur er á sama báti og Landssíminn, ríkisfyrirtæki sem hefur allt til að bera til að verða stöndugt einkafyrirtæki.

EKKI má gleyma Reykjavíkurborg sem nýlega er orðin einn helsti eigendi að fjarskiptafyrirtækinu Línu.neti hf. Jafnvel þó að hugmyndin að baki fyrirtækinu Línu.neti sé hugsanlega allra góðra gjalda verð og leiði til þess að aðilum á markaðinum fjölgji þá er það einfaldlega ekki í verkahring hins opinbera, hvorki ríkis né sveitarfélaga, að hrinda slíkum hugmyndum í framkvæmd. Þau rök sem færð hafa verið fyrir einkavæðingu Landssímans eiga með sama hætti við um breytingu á eignarhaldi að Línu.neti. Við þau rök má þó bæta því að ólikt Landssímanum er hinn opinberi rekstraraðili Línu.nets, Orkuveita Reykjavíkur, einokunarfyrirtæki, með einkaleyfi til síns orkureksturs. Hættan á áðurnefndri niðurgreiðslu úr einokunarstarfsemi í samkeppnisrekstur er því veruleg.

Verslunarráð skorar á Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög að forðast að grípa inn í eðlilega þróun á fjarskiptamarkaði, sem og á öðrum sviðum atvinnulífs, með afskiptum sínum.

Hugarfarsbreytinga  
er þörf hjá  
sveitarfélögum

## Ekki hægt að tefja málið

Umræða um framtíðarþróun á fjarskiptamarkaði á ekki nema að litlu leyti heima í umræðu um einkavæðingu Landssímans. Þannig eru framtíðaráform um veitingu opinberra leyfa fyrir nýrri tækni í raun ekkert tengd áformum um einkavæðingu en umræða um þetta tvennt hefur oftar en ekki verið sett saman á opinberum vettvangi. Hugmyndir um aðferðir við úthlutun leyfa þriðju kynslóðar farsíma eru án efa allrar athygli verðar en tengjast þó ekki því skrefi sem verður að taka næst á þessu sviði, einkavæðingu. Mikilvægt er að þær áhugaverðu spurningar sem koma upp við veitingu fjarskiptaleyfa trufli ekki framgang einkavæðingar og verði ekki notaðar til að tefja hana.

### Niðurstöður

- ❖ Einkarekstur er líklegri til árangurs en opinber rekstur
- ❖ Selja ber Landssímann strax
- ❖ Einkavæða á alla þætti starfseminnar
- ❖ Aðkoma erlendra aðila er mikilvæg
- ❖ Einnig þarf að einkavæða önnur opinber fjarskiptafyrirtæki

# Fjármálamarkaðurinn

## Inngangur

Ríkisrekstur á fjármálamarkaði hefur farið minnkandi síðustu ár og munar þar að sjálfsögðu mestu um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins árið 1997 og lokasölu á öllum hlutum hans á síðari hluta síðasta árs. Urðu hluthafar að lokinni einkavæðingu bankans um 4000. Þar með hafði tekist að einkavæða nokkra ríkisrekna fjárfestingarsjóði. Viðskiptabankarnir hafa einnig tekið breytingum sem miða í rétta átt. Með lögum um stofnun hlutafélaga um bankana árið 1997 var tekið mikilvægt skref í nauðsynlegri breytingu á fjármálamarkaðinum. Þrátt fyrir síðan ágætlega heppnaða sölu á nokkrum hlut ríkisins í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands árið 1998 og skráningu hluta í bönkunum hjá Verðréfapengi Íslands hefur lítið borið á fyrirætlunum stjórnvalda um frekari sölu á hlutum sínum. Í útboðslýsingu vegna sölu á hlutum í kjölfar hlutafjáraukningar í Landsbankanum kom þó fram að áformað væri að móta stefnu um sölu á hlutafé ríkissjóðs í bankanum. Slík stefna hefur ekki litið dagsins ljós.

## Af hverju að einkavæða?

Í raun má segja að sömu rök og áður hafa komið fram vegna einkavæðingar á fjarskiptamarkaði standi jafnframt til þess að frekari einkavæðing fari fram á fjármálamarkaði. Viðskipti með bréf í viðskiptabönkunum tveimur, Búnaðarbanka og Landsbanka, eiga sér stað á skipulegum markaði og ljóst að hinir nýju hluhafar bundu vonir við fjárfestingar sínar í kjölfar útboðanna og væntu þess að um frekari sölu ríkisbréfanna yrði að ræða.

Væntingar fjárfesta

Fjölbreytni í bankaþjónustu hefur vaxið mjög undanfarin ár. Bankastarfsemi er ekki lengur bundin við hefðbundna viðskiptabankajónstu heldur hefur aukist mikilvægi ýmissar annarrar þjónustu sem ekki var áður talin sérstaklega til bankaþjónustu eða var jafnvel ekki til á árum áður. Fjárfestingarbankastarfsemi, tryggingastarfsemi, eignaleiga, verðbréfamiðlun og ráðgjafajónusta eru dæmi um þjónustu sem bankar leitast við að veita í auknum mæli. Sameining FBA og Íslandsbanka var trúlega liður í því að bregðast við þessum breytingum á rekstri fjármálafyrirtækja. Aðrir viðskipabankar, opinberir og hálfopinberir, hljóta að þurfa að bregðast við þessum breytingum einnig, þó ekki væri nema til að geta veitt Íslandsbanka-

FBA verðuga samkeppni. Til þess að svo megi verða þurfa ríkisbankarnir að verða háðari markaðsöflunum.

Engin rök hníga að því að ríkið sé hæfara en einkaðilar til að meta ástand og horfur á markaðinum. Miklu frekar er sú hætta til staðar, sem áður hefur verið minnst á, að ríkið einmitt meti ekki ástandið eins og vera ber í viðleitni sinni til að koma til móts við ýmsar pólitískar kröfur. Þess er vegna er mikilvægt að Búnaðarbunkinn og Landsbankinn losni undan eignarhaldi ríkisins.

## Hvernig?

Í umræðunni hafa verið hugmyndir um að ríkið, í stað þess að færa sig af fjármálamarkaðinum, fari að skipuleggja framtíðarstöðu hans. Þannig hafa komið fram hugmyndir um að ríkið stuðli að sameiningu á Búnaðarbanka og Landsbanka áður en hlutir í þeim verði seldir. Með þeim hætti væri ætlunin að styrkja samkeppnisstöðu bankanna og gera þá fýsilegri fjárfestingarkost en um leið væru ákveðnar línum lagðar að skipulagi fjármagnsmarkaðarins. Engin rök hafa hins vegar verið færð fyrir því að ríkið sé betur í stakk búið til en einkaðilar að framkvæma þessa hagræðingu eða spá fyrir um gildi hennar. Ef sýnt þykir að sameining þessara banka, frekar en annars konar hagræðing, borgi sig þá hljóta einkaðilar að átta sig á því eins og öðrum tækifærum á markaðinum. Fyrir utan þá töf sem óneitanlega verður á einkavæðingu, ef ríkið ætlar sjálft að hlutast til um sameiningu, þá verður slík sameining mjög líklega ótrúverðugri en ella og alls ekki víst að hún myndi leiða til þess að til yrði auðseljanlegri eining. Hafa verður í huga að sameiningu gætu fylgt ýmiss konar aðgerðir sem óvinsælar verða og erfiðara fyrir einkaðila að koma að þeim á síðari stigum máls.

Hverjum stendur það næst að spá fyrir um gildi sameiningar?

Verslunarráð hvetur stjórnvöld til þess að selja hluti í Búnaðarbunka og Landsbanka og láta markaðinn um að velja hagkvæmustu leiðina til hagræðingar.

Ekki er síður mikilvægt á þessu sviði frekar en á sviði fjarskipta að fá inn í landið erlenda aðila með bæði fjármagn og þekkingu. Slíkt gerist síður ef litlir hlutir verða boðin til sölu. Til að gera bankana að eftirsóknaverðum fjárfestingarkosti fyrir erlenda aðila þarf að tryggja að í boði verði nokkuð stórir hlutir. Verslunarráð geldur því varhug við því að bankarnir verði seldir í smáskömmtum næstu árin.

## Hvenær?

Nú þegar báðir ríkisbankarnir hafa tekið þau skref að fjárfesta í erlendum fjármálastofnunum þarf að leiða hugann að því hvort eðlilegt

Bankastarfsemi  
sífellt áhættumeiri

geti talist að sú aukna áhætta sem felst í þvílikum fjárfestingum sé lögð á ríkissjóð jafnvel þótt viðurkennt sé að erlendar fjárfestingar séu hluti af eðlilegri bankastarfsemi. Verslunarráð telur vænlegra að einkaaðilar hlutist til um slíka áhættusækna starfsemi. Næsta víst er að alþjóðastarfsemi banka mun halda áfram að vaxa og meðal annars af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að bankarnir verði seldir.

Verði bankarnir sameinaðir áður en til sölu kemur er ekki síður mikilvægt að flýtt verði söluferlinu. Um leið þarf að tryggja að ákvörðun um lok einkavæðingar hafi verið tekin. Í upphafi skal endinn skoða og stefnu um söluna þarf að móta strax.

## Niðurstöður

- ❖ Sala á bönkunum má ekki dragast lengur
- ❖ Markaðinum sjálfum verði falið að hagræða
- ❖ Aðkoma erlendra aðila mikilvæg